

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar á Miðbraut 11 í Búðardal er opin virka daga kl. 10-14. Símatími er virka daga kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið dalir@dalir.is

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu á Miðbraut 11 í Búðardal er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Sælingsdalslaug

Í október verður Sælingsdalslaug opin á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 17-22, fimmtudögum kl. 15-18 og á laugardögum kl. 14-18.

Stakur miði fyrir fullorðna kostar 550 kr., 10 miðar 3.300 kr. og 20 miðar 6.000 kr. Stakur miði fyrir börn 7-16 ára, öryrkja og eldri borgara kostar 250 kr., 10 miðar 1.300 kr. og 20 miðar 2.200 kr.

Hætt er að selja í laugina hálf tíma fyrir lokun og gestir þurfa að vera búnir að yfirgefa búningsklefa ekki seinna en 15 mínútum eftir lokun.

Félagsleg þjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í stjórnsýsluhúsinu, Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Tímamantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 alla virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.



DALAPÓSTURINN

12. tölublað, 11. árgangur
25. september 2018

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Börn 15-17 ára eiga ekki rétt á húsnæðisbótum. Foreldrar/forsjáraðilar sem greiða húsaleigu vegna 15–17 ára barna sinna á heimavist, á námsgörðum eða í leiguherbergi hjá óskyldum vegna náms hér á landi fjarri lögheimili eiga rétt á húsnæðisstuðningi sé sambærilegt nám ekki í boði í sveitarfélaginu.

Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og getur numið allt að 50% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærri upphæð en 20.000 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.000 kr. á mánuði.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. þess mánaðar sem greitt er fyrir, ekki er greitt aftur í tímann. Umsókn gildir fyrir hverja skólaönn. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu Dalabyggðar.

Ábyrgðarmaður: Kristján Sturluson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Dalaveitur

Í sumar hafa Dalaveitur ehf, félag í eigu Dalabyggðar, unnið að lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Verkefnið er styrkt af Fjarskiptasjóði í gegnum verkefnið „Ísland ljóstengt“ sem styður við ljósleiðaravæðing dreifbýlis á Íslandi. Að öðru leyti er stofnkostnaður framkvæmdarinnar fjármagnaður af notendum og Dalabyggð.

Síðasta haust fékk Dalabyggð hæsta mögulega styrk úr samkeppnispotti fyrir Vesturland til að ljósleiðaravæða allt sveitarfélagið utan Skarðsstrandar og yst á Fellsströnd. Vinna við plægingu hófst í apríl og til að byrja með var unnið í leiðum sem boðnar voru út 2017.

Vinna við plægingu hefur gengið ágætlega, en öllu jafna hafa tvö gengi unnið samhliða. Ýmsar tafir, t.d. erfitt land, vætutíð og bið eftir efni, hafa orðið á verkinu og plæging því nokkuð á eftir upphaflegri áætlun. Strengur er kominn í jörð allsstaðar sunnan Búðardals og í Laxárdal. Plæging er hafin í Hvammssveit og á næstu vikum verður lagt með Klofningsvegi í átt að Fellströnd og í Sælingsdal.

Fljótlega í október fer annað gengið í Saurbæinn að plægja meðan hitt plægir vestur Fellsströndina. Verktakinn mun halda áfram meðan veður leyfir, en það er erfitt í miklu frosti og þegar snjór er á jörðu. Vonast er til að ná að klára plægingu í Saurbænum áður en til þess kemur.

Vinna við tengingu hefur verið seinlegri en búist var við, en stefnt er á að virkja tengingar í suðursýslunni í seinni hluta október. Allir notendur á þessu svæði eiga að hafa fengið tölvupóst og margir bréf með ítarlegri upplýsingum um framhaldið. Hafið samband við skrifstofu Dalabyggðar eða sendið á dalaveitur@dalir.is ef þið teljið ykkur hafa orðið útundan.

Áfram verður unnið að tengingu þar sem búið er að plægja. Áætlað er að næstu áfangar fái ekki virka tengingu fyrr en í vetur, en upplýst verður með gang mála þegar nær dregur. Saurbærinn verður keyrður á sér tengimiðju og má búast við að frágangur og virkjun tenginga þar verði seinni hluta vetrar. Það eru mörg sveitarfélög í samskonar verkefnum og því mikið álag á þeim aðilum sem sinna tengingum og fjarskiptafélögum, eins og t.d. Mílu sem er samstarfsaðili Dalaveitna í þessari uppbyggingu.

Fyrir nánari upplýsingar sendið fyrirspurn á dalaveitur@dalir.is.

Uppbyggingasjóður Vesturlands

Opið er fyrir umsóknir í Uppbyggingasjóð Vesturlands til atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Vesturlands er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Uppbyggingarsjóðurinn er samkeppnissjóður.

Umsóknir eru þær metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í samningi um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 og þeim áherslum sem eru í verklags- og úthlutunarreglum sjóðsins.

Á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (<http://ssv.is/uppbyggingarsjodur-vesturlands>) er að finna upplýsingar um umsóknarferli, reglur og viðmið varðandi styrkveitingar.

Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 433 2310 eða senda fyrirspurn á netfangið uppbyggingarsjodur@ssv.is

Frestur til að skila inn umsóknum rennur út á miðnætti 2. október 2018.